

Fundur 27.1.2025 Ólöf Sigtryggsdóttir, systir Hauks.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið.*

Auðveldara er það ævinlega að sitja í salnum og hlýða á erindin sem aðrir flytja, en tala til ykkar gegnum geimdjúpið, en hér er að takast frumkynni og vildi ég gjarnan freista þess að ná þessu sambandi og var mér sagt að bæði yrði það gott fyrir mig og ykkur og það myndi efla miðil ykkar og auðvelda frekari sambönd ykkar við aðra ættingja og jafnvel vildi það hjálpa þeim miðilsefnum, öðrum sem stödd eru meðal ykkar á fundinum, til að slaka á og treysta okkur til að ná yfirhöndinni á raddböndum og öðrum líkamspörtum sem nauðsynlegir eru til að hleypa sambandi í gegn.

Og veit ég ekki hversu miklu af persónuleika mínum ég kem hér í gegn, en finnst mér það æfinlega auðvelt að koma orðum í gegnum þennan miðil, nema þegar ákveðin viðfangsefni eru til umræðu sem hindra sambandið.

Reyni að segja til mín, ég var að ferðast á þessum hnetti og tók það nokkrar vikur, fór um við að skoða fjöll og dali og framandi landslag, er hér kominn á nýjan hnött og er það meira en ár síðan og mikil er ánægjan að skoða nýtt landslag og ferðast um hnöttinn.

Ekki hef ég þó gleymt æsku minni á jörðinni, og finnst mér stundum sem það hafi verið önnur manneskja, vegna þess að minningarnar holast niður í kassa, svo má segja um það sem er fjarri og löngu liðið og á annari jörð.

En það er nú eins og með atvikin í framlífi að maður kynnist nýju fólki og þá hefst nýr kafli í lífi manns, þótt það sé á sama hnetti og áður.

En ég var að skoða landslagið og sá ég þar haf með öðrum lit en ég hafði fengið að kynnast og var það samtvinnuð víxláhrif sjávarþörungna og himinhvolfsins sem ollu þeim litbrigðum, en fjallendi minnti mig á æskuslóðir mínar á Íslandi og fékk ég boð um að koma á fund til ykkar.

Frænka mín hér nærstödd, Ólöf, faðir þinn, bróðir minn.

*Ólöf systir þabba ?*

Já,

*Sæl vertu.*

Sæl vertu, þú spurðir um Gunnar...

*Gunnar Jökul.*

Gunnar Jökul, hann var ný fæddur og það eru tólf ár síðan.

*Já fæddist í Danmörku.*

Já ég man eftir því, ég var þar, tók á móti og það var, ég er ekki á þeim hnetti lengur, en ég vissi af því, vissi af þessum tengslum og þetta var sérstök upplifun og hann þurfti að vera hjá okkur í soldin tíma, meðan hann var að hressast.

Og veit að þér þykir dýrmætt að heyra þetta.

Já.

Móðir hans er,... hún mun verða gl, foreldrar hans

*Já hann er sonur Jonna sonar míns.*

Já þau munu gleðjast að heyra það.

*Já.*

Þannig er að þegar svona stendur á þá, það er ekki ósvipað því að þegar börn eru ættleidd, ég vona að þau gleðjist að heyra það að það er allt gott af honum að fréttu og hann hefur náð fullri heilsu, og hann var hjá okkur í nokkurn tíma og ég var búinn að vera svo lengi starfandi við þetta að ég mátti ekki fara út fyrir ákveðinn ramma starfsins, að það eru, það gladdi mig mjög að halda á honum og ég brosti mjög og gældi við hann og börn þurfa sérstökum, það stendur misjafnlega á þegar þau koma svona til okkar, sum fara í það sem hann, hann hafði fæðst af móður og þurfti ekki staðgöngumóður en það eru svona margskonar aðstæður, og sum börn þurfa læknaaðstoð, en hann var nú fljótur að ná sér, og það eru þær reglur að börnin þurfa sem fyrst að komast til foreldra og það er eins og við ættleiðingar ferlinu hjá ykkur, að hann fékk slíka foreldra og er nú orðinn tólf ára gamall.

Ég gæti reynt að, ég get ekki lofað um árangur, en ég get sent skilaboð og vonast til að hann verði tilbúinn að tala til ykkar, ég hafði nokkurt samband við þau sem tóku hann að sér og gæti, en hann er yndislegt barn og

*Hann hoppar og skoppar um.*

*Já.*

*Eins og bræður hans í dag.*

*Já.*

*Og nafni.*

*Já fékk hann nafna sinn.*

*Já Gunnar Jökul.*

*Seinna.*

*Já.*

*Já það er einmitt það.*

*Fallegt af þeim að nota nafnið hans.*

*Já þannig að það ætti að tengja hann enn þá betur við bróður sinn.*

*Já.*

Þetta er mjög áhugavert, gaman að heyra, ég fór meira í yfir umsjón með þessu þegar ég kom á þennan hnött, en er nú í námi líka.

Og já, ég var svo heppinn að hitta þessa þinn áður en ég fór af þessum hnetti og ég veit að hann bíður spenntur að ná sambandi við þig.

*Takk fyrir það.*

Mér fannst svo dýrmætt að hitta hann á hnettinum sem ég var orðin þá fullorðin og ekki heil heilsu, en við höfðum um margt að spjalla, ég mundi eftir honum þegar hann var alveg ný fæddur og það voru ánægjulegar stundir og við hittumst stundum, að við höfum ættarmót svo kölluð. Og hérna já.

*Ég ætla nú að eiga stund með ykkur þegar ég fer til Ísafjarðar, þá læt ég hugan reika til ykkar.*

Já, eru hverjir ættingjar okkar þar enn þá ?

*Jú hérna það er dóttir hans Gunnars.*

Já og þú segir henni endilega frá því að ég hafi beðið að heilsa og látið í mér heyra.

*Og ég ætla að setjast á tröppurnar á húsinu ykkar.*

Já þetta er rosa skrítið að rifja þetta upp, og mér finnst að, það er soldið sérstakt að eiga þessar bernskuminningar en ekki mikið annað.

*Já. En þú varst ekki orðin gömul þegar þú fórst.*

Já já, en ég hef í staðinn fengið að taka á móti svo mörgum systkinum, en er ekki allt gott af þér að fréttu og þínu fólki ?

*Jú jú alveg ljómandi gott.*

Og ég ólst upp hjá, það voru langafi og þau biðja að heilsa.

*Já takk.*

Páll,,,,

*Já pabbi hennar ömmu.*

Já. Já ég vona að þau láti í sér heyra, en ég verð víst að kveðja núna.

*Já takk innilega fyrir að fá að koma til mín.*

Ég held að þetta muni gleðja hann Gunnar, sem þú varst að tala um, og kannski, það er helst að draumarnir séu sambandið, að þið getið fengið drauma frá ykkar ættingjum.

*Já.*

Hugsaðu um kenningar Helga Pjeturss og þá kannski skynjið þið ykkar, hans umhverfi í draumi.

*Já.*

En ég þakka fyrir mig, þetta var mjög ánægjulegt.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir kærlega.*

*Vertu sæl og blessuð.*

